

3. Fundur framkvæmdaráðs Vaxtarsamnings Suðurlands og Vestmannaeyja

Haldinn að Austurvegi 56, Selfossi, 20. apríl 2007 kl. 10:30

Mætt voru:

Friðrik Pálsson, Elliði Vignisson, Elvar K. Valsson, Hörður Sigurgestsson, og Jóna Sigurbjartsdóttir. Snorri Finnlaugsson boðaði forföll.

Einnig mætt:

Róbert Jónsson, Steingerður Hreinsdóttir og Sædís Íva Elíasdóttir frá Atvinnuþróunarfélagi Suðurlands

1. Setning fundar. Formaður framkvæmdaráðs setti fund.

2. Markaðsstofa á Suðurlandi:

Rætt um stöðuna í verkefninu.

3. Verkefni til umsóknar:

1. **HH Suðurland:** Klasi 19 ferðapjónustuaðila á Suðurlandi sem sækir um 1.521.600.- kr. framlag til Vaxtasamningsins. Steingerður kynnti verkefnið fyrir fundarmönnum og hugmyndin rædd. Framkvæmdaráð samþykkti 1.521.600.- kr. framlag og ákvað að setja sem skilyrði að hópurinn skipi 3ja manna framkvæmdastjórn.
2. **Íslandshof ehf:** Samstarf hagsmunaaðila um hugmyndavinnu, greiningu, gagnaöflun og gerð viðskiptaáætlunar vegna stofnunar og reksturs reiðskóla/reiðhallar/sýninga- og skrifstofuhúsnæðis í Árnessýslu. Sótt er um 2,0 mkr. til verkefnisins. Róbert kynnti verkefnið nánar. Framkvæmdaráð telur að kostnaðaráætlun við verkefnið sé ofmetin en samþykkir 1,0 mkr. til verkefnisins og 1,0 mkr. til framhalds verkefnisins ef það heldur áfram.
3. **Uppbygging söguseturs um Tyrkjaránið 1627, Tyrkjaránssetur:** Menningar- og ferðapjónustuklasi sem sækir um til markaðsstarfs og sýningarmála. Sótt um 750 þúsund sem framkvæmdaráð samþykkti.
4. **Verðmætaaukning sjávarfangs, humarklær, vöruþróun:** Sjávarútvegs- og matvælaklasi, samstarfsverkefni Gríms kokks, Vinnslustöðvarinnar og Fiskvinnslu VE-Narfí o.fl. í Vestmannaeyjum. Sótt er um 4,7 mkr. Elliði kynnti verkefnið og það rætt. Framkvæmdaráð lýsir áhuga á verkefninu og samþykkir að skoða það nánar og afgreiða á næsta fundi.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 12:00

Fundargerð ritaði Sædís Íva Elíasdóttir